

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/2008, um endurskoðendur.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Guðbjarnason frá ársreikningaskrá og Hörpu Theodórsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Kauphöll Íslands, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008, er kveðið á um að endurskoðanda sé skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt geti af ásetningi eða gáleysi í störfum hans eða starfsmanna. Ákvæði þetta var nýmæli í lögunum. Komið hefur í ljós að váttryggingafélög hafa ekki getað boðið endurskoðendum slíkar tryggingar, þ.e. vegna tjóns sem getur leitt af ásetningi. Er því lagt til með frumvarpinu að skylda endurskoðanda til að taka starfsábyrgðartryggingu fyrir þau tilvik verði felld niður. Eftir stendur að endurskoðanda ber að tryggja sig fyrir fjárhagstjóni sem kann að leiða af gáleysi í störfum hans. Jafnframt ber endurskoðandi, sbr. 27. gr. laganna, ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans veldur af ásetningi eða gáleysi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Guðlaugur Þór Þórðarson og Margrét Tryggvadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 2010.

Lilja Mósesdóttir,
form., frsm.

Magnús Orri Schram.

Árni Þór Sigurðsson.

Björgvin G. Sigurðsson.

Eygló Harðardóttir.

Ragnheiður E. Árnadóttir.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.